

Skýrsla yfir starf á vegum þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu (2017.is)

Starfsárið 2014

Stýrihópur hefur yfirumsjón með starfinu, en eftirtaldir hópar eru starfandi á vegum verkefnisins: guðfræðihópur, menningarhópur, samfélagshópur og femíniskur hópur. Tengiliðir sem jafnframt eru meðlimir í stýrihópnum eru ábyrgir fyrir starfinu í hópunum.

Í undirbúningi er útgáfa greinasafns og hafa rúmlega tuttugu höfundar sent inn hugmyndir að greinum. Fyrirhugað er að greinasafnið komi út 2017. Árið 2014 var lagður grunnur að þessari útgáfu.

Málstofur:

5. febrúar

Ævar Kjartansson: Voru Þingeyingar úнитарar um aldamótin 1900?

23. apríl

Dr. Pétur Pétursson: Kirkjuskilningur – stefnur og straumar á Íslandi á 20.öld.

Bíósýning:

19. mars kl. 16 var bíómyndin *Luther* frá árinu 2003 sýnd í Odda 101, HÍ.

Opinber fyrirlestur:

7. maí

Dr. Gunnar Kristjánsson: „Þrír þankar um Lúther“.

Fyrirlesturinn var í í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag vegna útgáfu bókar Gunnars: *Marteinn Lúther – Svipmyndir úr siðbótarsögu*.

Málþing:

23. maí kl. 14-16 í stofu A225 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Yfirskrift: Siðaskipti og sálmahefð. Sálmar í lútherskum sið.

Dagskrá:

Dr. Einar Sigurbjörnsson, guðfræðingur: Sálmar sem tjáning og túlkun trúar.

Dr. Þórunn Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur: Sálmar í samfélagi 17. aldar.

Dr. Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur: Lögin við sálma Kingos í íslenskum söngbókum.

Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistar- og íslenskufraeðingur: Með sínum tón - fáein orð um breytingar á íslenskum sálmalögum frá siðaskiptum fram á 19. öld.